



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD



ÞJÓÐFRÆÐI

Menning og minjar - fyrr og nú

BA-nám MA-nám PhD-nám Fjarnám Hagnýtt nám





Hvað er þjóðfræði?

Þjóðfræðin rannsakar hversdagsmenningu, lífshætti og lífssýn á okkar dögum og áður fyrr.

Þjóðfræðin rannsakar daglegt líf og daglegt brauð: sögur og sagnir, heimilis- og atvinnuhætti, trú og tónlist, siði og venjur, hátíðir og leiki, föt, tísku og matarhætti um heim allan. Áhersla er lögð á hvernig fólk mótar líf sitt og umhverfi undir kringumstæðum sem það hefur ekki mótað sjálf og hvernig fólk talar saman og lifir í samfélagi hvert við annað í þeim margvíslegu hópum sem það tilheyrir – sem Íslendingar, Argentínumenn, Valsmenn, unglingar, innflytjendur, Evrópubúar, Flateyringar, óperusöngvarar, flugfreyjur, fíklar, o.s.frv.

Spennandi lokaritgerðir

Spútnik-týpur, flóamarkaðir og fatakönnun	Ull er gull: Lopapeysan við upphaf 21. aldar
Sushi sem menning og matargerð á Íslandi	Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum fyrr og nú
Ættarnöfn í íslensku samfélagi	Ímynd Íslands og ímyndun. Markaðssetning menningararfsins
Parkour og Freerunning: Bráð lífshætta eða nýr borgarlífsstíll?	Íslenskar veðurspár og veðurþekking fyrr og nú
Ásatrú á Íslandi við upphaf 21. aldar	Hjátrú og hindurvitni leikara á Íslandi
Emotónlist, tíska og fólk	Sögur af ljósmæðrum og ljómínn af traustinu
Eve Online: Leikir, sköpun og samfélög	Þátttökurannsókn á Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík
„Pabbi, viltu þegja!“ Foreldrar og fótbolti	Hlutverk húmors í bataferli fíkla
Henging, flenging og höggstokkur: Refsingar í íslenskum ævintýrum	Hlutverk andlitsfórðunar á Íslandi
„Gamall pólskur siður.“ Innflytjendur á Suðurnesjum	Menningararfur í frásögnum leiðsögumanna
Rusl og ruslarar í kapitalísku samfélagi	Hjálækningar óperusöngvara
Upplifun íslenskra húsmæðra af haftaárunum 1947–1950	Skopstælingar í kjölfar bankahrunsins á Íslandi
Útileikir barna á Akureyri og í Reykjavík 1900–1950	Menningartengd ferðaþjónusta á Vestfjörðum

Sjá einnig þáttaröð á netinu sem byggir á spennandi lokaritgerðum í þjóðfræði á slóðinni: www.imyndir.is

Hvað segja nemendur um námið?



Björk Hólm Þorsteinsdóttir:

„Af hverju klæðum við okkur eins og við klæðum okkar? Af hverju innréttum við heimilið okkar eins og við gerum? Af hverju tölum við eins og við tölum? Af hverju höngum við með fólkinu sem við höngum með? Námið hefur gert það að verkum að ég horfi á allt öðruvísi, allt umhverfi mitt breyttist.“



Eysteinn Ari Bragason:

„Mér þykir gaman að skoða hversdagslega hluti sem margir gefa lítinn gaum. Með því að veita þessum hlutum athygli má læra margt um fólk og samfélag þess. Þjóðfræðin snýst þó um fleira en hversdagsmenningu og fjölbreytileikinn heillar mig mest. Ég er þakklátur fyrir þá þekkingu sem ég hef öðlast í náminu og fyrir allt áhugaverða og skemmtilega fólkið sem ég hef kynnst.“



Pétur Húni Björnsson:

„Ef þú hittir tíu þjóðfræðinga og ræðir við þá um hvað þeir fást við þá kemur kannski í ljós að enginn þeirra er að vinna á sömu öldinni og alls ekki í sama efninu. Sumir eru algjörlega að velta fyrir sér hvernig fólk lifir lífi sínu núna í dag, á meðan aðrir eru á 9. öld. Samt nota þeir sömu aðferðir og hugsa eftir sömu línunum. Mér finnst þetta mjög spennandi.“



Sæbjörg Freyja Gísladóttir:

„Við lærum að lesa í samfélagið, að lesa tákni og lesa fólk og skyggjast undir yfirborðið. Þjóðfræði snertir á öllum flötum mannlífs. Til dæmis er ég að skrifa MA-ritgerð um Flateyri og hvernig fólk tengir sig við staðinn sinn, en bestu vinkonur mínar skrifa annars vegar um sund og hins vegar um mansöngva.“



Romina Werth:

„Fólkið og hversdagslíf þess er ávallt í brennideplinum í þjóðfræðinni. Viðfangsefnið eru fjölbreytt, en sjálf er ég að rannsaka hvernig lesa má samfélagið og upplifun fólks af því í gegnum ævintýrin sem það sagði hvert öðru á 19. öld. Þjóðfræðin hefur notið vaxandi vinsælda hér á landi á síðustu árum og íslenskir þjóðfræðingar njóta mikillar viðurkenningar á alþjóðavettvangi.“



Elsa Ósk Alfreðsdóttir:

„Þjóðfræðinámið er fjölbreytt og við fáumst við margt: Hversdaginn hjá fólki, lífssýn þess, hvað það gerir og hvers vegna. Í náminu hef ég tileinkað mér annað sjónarhorn á tilveruna og tamið mér gagnrýna hugsun. Námið er líka sérstaklega hagnýtt og ógrar manni að gera hluti sem maður hefði aldrei gert eins og útvarpsþætti og að skrifa í blöð.“



BA-nám

Aðalgrein til 180 eininga

Aðalgrein til 120 eininga

Aukagrein til 60 eininga

Skyldunámskeið í 120 eininga námi:

Inngangur að þjóðfræði	Efnismening: Hlutirnir, heimilið, líkaminn
Sagnir, ævintýri og sagnamennt: Þjóðsagnafræði	Lúsakambar, hlandkoppar og kynlíf: Þjóðhættir og daglegt líf í sveitasamfélaginu
Söfnun þjóðfræða	Munnleg hefð og íslenskar fornsögur og kvæði
Vinnulag í þjóðfræði	Smíðaverkstæði BA-ritgerða í þjóðfræði

Auk þess eru skyldunámskeið í 180 eininga námi (en val í 120 eininga námi):

Norræn trú	Rokkar og stokkar og reður í krús: Söfn og fræði
------------	--

Önnur námskeið í þjóðfræði:

Þjóðfræði samtímans: Álfar, innflytjendur og hryðjuverkamenn	Menningararfur
Matur og menning	Hátíðir, leikir og skemmtanir á Íslandi
Íslenskar sagnir, þjóðtrú og samfélag: Fylgjur, hulduverur og sköpun þjóðarímyndar	Sviðslistafræði: Frá sagnaflutningi til uppstands, kjótkveðjuháttíða og stjórnmálamanna
Fatnaður og tíska	Íslensk ævintýri og samfélag
Húmor: Hlátur, grátur og Gnarr	Ómenning: Ógnvaldar og spilliefni í íslenski menningu
Þjóðfræði barna og unglinga: Leikir, símaat og Simpsons	Þjóðkvæði, rímur og rapp
Galdrar á Íslandi: Frá fjölkynngi til fárs	Tolkien: Sögur, sagnir og sköpun
Líkamsmening: Útlit, hegðun, heilsa	Formæður og franskir barmar: Menningarmörk, klæðnaður og þjóðernismótun á 19. öld
Alþýðumenning og fagurfræði hversdagsins	Norrænar goðsögur
Braveheart, banshees og brennur	Hagnýt miðlun þjóðfræðinnar

Upplýsingar um námskeið sem í boði verða á næsta ári er að finna í kennsluskrá Háskóla Íslands á slóðinni: <http://kennsluskra.hi.is>

Fjarnám

Fjarnámið hentar vel nemendum sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins, eru heima með ung börn, búa á Balí eða í New York eða eiga af öðrum ástæðum óhægt um vik að sækja tíma. Fyrirlestrar eru teknir upp og gerðir aðgengilegir á lokuðu vefsvæði þar sem fjarnemar sækja þá. Unnt er að taka flest námskeið í þjóðfræði í fjarnámi. Nánari upplýsingar um fjarnám má finna á slóðinni kemst.hi.is

MA-nám í þjóðfræði

Námið er rannsóknarnám og tekur tvö ár. Nemendur taka námskeið um rannsóknaraðferðir og kenningar, vinna sjálfstæða rannsókn um sitt hugðarefni og skrifa viðamikla ritgerð. Auk námskeiða í þjóðfræði geta nemendur tekið námskeið í öðrum greinum háskólans í samræði við umsónarkennara. Flestir ljúka almennu MA-prófi í þjóðfræði, en einnig er hægt að ljúka MA-prófi í þjóðfræði með áherslu á margbreytileika, efnismenningu eða hagnýta þjóðfræði. Nemendur sem ljúka prófi með áherslu á hagnýta þjóðfræði miðla niðurstöðum lokarannsóknar sinnar í öðrum miðli en ritgerð, t.d. með sýningu, útvarpsþáttaröð eða kennsluefni.

Hvað gera þjóðfræðingar?


Þjóðfræðingar sem lokið hafa námi frá Háskóla Íslands eru (í stafrófsröð): blaðamenn, bændur, dagskrárstjórar, fararstjórar, fjölmiðlafólk, forstöðumenn og deildarstjórar safna og menningarmiðstöðva, flugfreyjur, framhaldsskólakennarar, framkvæmdastjórar, fræðimenn, fræðslufulltrúar, grunnskólakennarar, háskólakennarar, hjálparstarfsmenn, klæðskerar, kvikmyndagerðarmenn, kynningarfulltrúar, landverðir, leiðsögumenn, menningarfulltrúar, minjaverðir, myndlistarmenn, prófarkalesarar, rithöfundar, ritstjórar, safnstjórar, safnverðir, sýningarhönnuðir, tónlistarfólk, vefstjórar, þáttagerðarfólk, þingmenn og þýðendur.

Dæmi um störf þjóðfræðinga

- Áki Guðni Karlsson, vefstjóri Landsbókasafns
- Berglind Ósk Kjartansdóttir, aðstoðardagskrárstjóri Skjás eins
- Egill Viðarsson, tónlistarmaður
- Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður
- Helga Dís Björgúlfsdóttir, blaðamaður á Vikunni
- Jón Jónsson, menningarfulltrúi Vestfjarða
- Ólöf Breiðfjörð, kynningarstjóri Þjóðminjasafnsins
- Rakel Pálsdóttir, forstöðumaður almannatengsla hjá Samtökum iðnaðarins
- Sigrún Kristjánsdóttir, sýningarstjóri
- Sigrún Magnúsdóttir, þingmaður
- Védís Ólafsdóttir, fjallaleiðsögumaður




Kraftmikið félagslíf - samheldinn hópur - skemmtilegt nám




Ársól Þóra Sigurðardóttir, þjóðfræðinemi:
 „Ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað nám gæti verið skemmtilegt fyrr en ég byrjaði í þjóðfræði. Þegar ég hitti krakkana í skólanum þá er ekki spurt hvað þú ert gömul eða gamall eða hver uppruni þinn er, ef þú hefur eitthvað til málanna að leggja þá færðu tækifæri til að gera það.“



Kristín Einarsdóttir, aðjúnkt
 „Það er einstakt að fylgjast á hverju ári með nemendum úr ólíkum áttum verða að hóp þar sem einlægni, kærleikur og hlýja ríkir á milli allra, sama hvaðan þeir koma og á hvaða aldri þeir eru. Þjóðfræðinemar eru skemmtilegri og búa yfir meiri innri (og jafnvel ytri) fegurð en flest annað fólk sem ég hef kynnst á lífsleiðinni.“



Ólafur Ingibergsson, þjóðfræðinemi:
 „Það er kraftur í félagslífinu. Nemendafélagið stendur fyrir alls konar uppákomum og höfðar til flestra, hvort sem þeir eru á þrítugs- eða sextugsaldri og hvort sem þá þyrstir í meiri fróðleik eða meira fjör. Annars er svo góður andi í náminu að það þarf ekki skipulagða viðburði til að þjóðfræðinemar hittist og skemmti sér.“



Sigurlaug Dagsdóttir, þjóðfræðinemi:
 „Það kom mér á óvart hvað það er rosalega margt skemmtilegt fólk í þjóðfræði. Yndislegt fólk, finnst mér. Þetta er fólk sem hefur áhuga á öðru fólki.“










Kennarar í þjóðfræði

Kennarar í þjóðfræði hafa fjölbætta bakgrunn og hafa menntað sig víðs vegar í heiminum (Ástralíu, Bandaríkjunum, Englandi, Írlandi, Ítalíu og Skotlandi). Rannsóknir þeirra spanna vítt svið og niðurstöðurnar birtast í bókum og greinum innan lands og utan.

Möguleikar á skiptinámi eru margir. Hvert langar þig?




Fastir kennarar og starfsfólk

	Dr. Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent í þjóðfræði		Ása Bernharðsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu fom@hi.is 525-5444		Dr. Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor í þjóðfræði
	Dr. Karl Aspelund, gestalektor í þjóðfræði		Kristín Einarsdóttir, MA, aðjúnkt í þjóðfræði		Dr. Ólafur Rastrick, aðjúnkt í þjóðfræði
	Rósa Þorsteinsdóttir, MA, rannsóknarlektor í þjóðfræði		Dr. Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði		Dr. Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði

Stundakennarar

	Bryndís Björgvinsdóttir, MA, rithöfundur og aðjúnkt við hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ		Elsa Ósk Alfreðsdóttir, MA, rannsakandi		Ingunn Ásdísardóttir, MA, þýðandi
	Júlíana Þóra Magnúsdóttir, MA, doktorsnemi		Dr. Kristinn H.M. Schram, forstöðumaður Rannsóknarseturs um Norðurljódir		Vilborg Davíðsdóttir, MA, rithöfundur



Félags- og mannvísindadeild · Gimli v/Sæmundargötu · 101 Reykjavík · sími: 525 5444 · fom@hi.is

www.felagsogmannvis.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

